

Fundur hreppsnefndar Langanesbyggðar var haldinn föstudaginn 29. febrúar kl. 12:11 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Jóhanna Helgadóttir, Þórir Jónsson, Hilma Steinarsdóttir, Aðalbjörn Arnarsson, Hulda Sigurðardóttir, Marínó Jónsson og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 25.01.08. (Lögð fram)
- Hreppsnefnd 16.02.08. (Lögð fram)
- Fræðslu- og menningarnefnd 31.01.08

Samþykkt samhljóða

- Bygðaráð Langanesbyggðar 31.01.08 (Lögð fram)
- Íþróttu- og tómstundanefnd 07.02.08

Fram kom að ákveðins misskiðnings gæti í bókun nefndarinnar varðandi fjármuni sem gert er ráð fyrir á fjárhagsáætlun 2008 til félagsmiðstöðvar. Um er að ræða heildarfjárhæð, kr. 1.000.000,-, sem íþróttu- og tómstundafulltrúa er ætlað til ráðstöfunar til ýmissa mála þar á meðal félagsmiðstöðvar.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Fræðslu- og menningarnefnd 18.02.08

Þórir Jónsson vakti athygli á hugsanlega vanhæfi sínu til að taka þátt í afgreiðslu þessa liðar og í framhaldi af atkvæðagreiðslu um vanhæfið vék hann af fundi undir þessum lið.

Með vísan til bókunar fræðslu- og menningarnefndar Langanesbyggðar felur hreppsnefnd sveitarstjóra að ganga frá ráðningu Heiðrúnar Óladóttur í starf skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn frá og með næsta skólaári að telja. Samningurinn skal vera í samræmi við gildandi kjarasamninga og til eins árs til að byrja með. Fram kom að fjórar umsóknir bárust um stöðuna en einn umsækjenda, Anna Hjaltadóttir, dró umsókn sína til baka.

Sveitarstjóra falið að gera umsækjendum skriflega grein fyrir niðurstöðu hreppsnefndar.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Atvinnuálagnefnd 20.02.08

Sveitarstjóri gerði grein fyrir hugmyndum að styrkumsóknum til Menningarráðs Eyþings fyrir hönd Langanesbyggðar og var honum falið að ganga frá umsóknum í samráði við menningarfulltrúa Eyþings.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga 05.02.08 (Lögð fram)
- Eyþing 15.02.08 (Lögð fram)

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína



4. Innsend erindi

Til kynningar:

- Íþrótt- og tómstundanefnd Langanesbyggðar - Drög að stefnu vinnuskólans í Langanesbyggð.
- Samband íslenskra sveitarfélaga – Sveitarstjórnarlögin með skýringum.
- Landgræðsla ríkisins – Kynning á verkefnum Héraðsáætlanir Landgræðslunnar.
- Austurlandsskógar – Samningur um nytjaskógrækt að Hellulandi í Bakkafirði.
- Björgunarsveitin Hafliði – Nýi björgunarsveitarbíllinn.

Til afgreiðslu:

- Landgræðsla ríkisins - Ósk um upplýsingar vegna áforma um sauðfjárrækt á Langanesströnd. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.
- Hestamannafélagið Snæfaxi – Umsókn um lóð undir reiðskemmu á Þórshöfn. Erindinu vísað til umhverfis-, skipulags- og byggingarnefndar til umsagnar.
- Norðurlandsskógar – Kynning á stöðu verkefnisins og framtíðaráformum. Sveitarstjóra falið að skoða málið í samráði við skógræktarfélag Norðurþingeyinga og með það í huga að fá kynningu til Þórshafnar í tengslum við aðalfund félagsins í vor.
- UMFÍ – Unglingalandsmót UMFÍ 2010. Sveitarstjóra falið að kanna hvort um vænlegan kost geti verið að ræða fyrir Langanesbyggð að sækjast eftir því að halda unglíngalandsmót UMFÍ á Þórshöfn 2010.
- Nemendur í 7. bekk Grunnskólans á Þórshöfn – Erindi vegna Svarthols. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins en unnið er að lausn þess.
- Alþingi – Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 með síðari breytingum. Erindinu vísað til afgreiðslu í umhverfis-, skipulags- og byggingarnefnd Langanesbyggðar.
- Samband Íslenskra sveitarfélaga – XXII landsþing Sambandsins 04.04.08. Samþykkt að bæði aðal- og varamaður Langanesbyggðar sækji landsþingið.
- Menntamálaráðuneytið – Niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum haustið 2007. Niðurstöðum vísað til fræðslu- og menningarnefndar auk starfandi skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn til umfjöllunar og afgreiðslu.
- Erindi frá foreldri vegna sérkennslu við Grunnskólann á Þórshöfn. Fram kom að erindið hefði þegar verið tekið til afgreiðslu í fræðslu- og menningarnefnd og að það væri í eðlilegum farvegi.

5. Álver á Bakka við Húsavík.

Eftirfarandi tillaga að ályktun lögð fram:

Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir yfir eindregnum stuðningi við áform um uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík.

Kjölfesta í atvinnumálum er grundvöllur þess að snúa megi vörn í sókn og viðhalda gróskumikilli byggð á Norðausturlandi. Þar er fyrirhugað álver á Bakka bæði eftirsóknarverður og raunhæfur valkostur.

Álver á Bakka mun skapa um 300 ný framtíðarstörf, samkvæmt skýrslu um samfélagsleg áhrif álvers á þeim stað. Afleidd störf vegna álvers verða mun fleiri og áhrifa þeirra mun gæta langt út fyrir sveitarfélagið Norðurþing.

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að koma ályktuninni á framfæri við fjölmiðla og þingmenn kjördæmisins.

6. Nefndir og ráð á vegum Langanesbyggðar

Vegna fráfalls kjörins nefndarmanns var skipað í eftirtalið nefndarsæti að nýju:



Gunnlaugur Ólafsson í stað Sigurjóns Jóseps Friðrikssonar, K-lista, sem varamaður Jóhönnu Helgadóttur í umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd.

7. Starfsmannamál.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir hugmyndum varðandi tímabundnar ráðningar í tengslum við veikindi starfsmanna auk þeirra starfa er auglýsing þarf eftir fólki í. Einnig gerði sveitarstjóri grein fyrir því að til stæði að senda tvo starfsmenn á sk. AFS-námskeið um mánaðarmótin mars / apríl þannig að hægt yrði að uppfylla þjónustusamninga sveitarfélagsins við Flugstöðir ohf.

8. Þriggja ára áætlun Langanesbyggðar

Sveitarstjóri lagði fram þriggja ára áætlun Langanesbyggðar fyrir árin 2009 – 2011 og gerði grein fyrir helstu forsendum.

Framlögð áætlun samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:33

Siggeir B.
Ásteyja Árnæs
Póss
Hilma Steingrúsdóttir
Kuldur Magnúsdóttir
Marínó Jónsson
Jóhanna Helgadóttir

Björn